

AUGLÝSING

um breytingu á auglýsingu nr. 341, 26. apríl 2002 um öryggisráðstafanir vegna innflutnings sjávarafurða frá Myanmar, Tælandi og Víetnam.

1. gr.

2. gr. auglýsingarinnar verður svohljóðandi:

Af heilbrigðisástæðum er bannað að flytja inn rækju frá Tælandi sem nota á til manneldis, ef heilbrigðisvottorð sendingarinnar er gefið út fyrir 21. september 2002.

2. gr.

3. gr. auglýsingarinnar fellur niður.

3. gr.

Ákvörðun þessi er tekin á grundvelli 24. gr. laga nr. 55/1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða og tekur þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 3. júlí 2003.

F. h. r.

Snorri Rúnar Pálmason.

Guðríður M. Kristjánsdóttir.